

GRUNNSKÓLI HORNAFJARÐAR



Skynjunarker

Kvenfélagið Vaka færði stoðþjónustu Grunnskóla Hornafjarðar góða gjöf í janúar en það er skynjunarker. Leikföng og hlutir sem örva skynfærin eru mikilvæg verkfæri fyrir alla en þó sérstaklega fyrir einstaklinga sem eru með skerta skynjun af einhverju tagi. Ofan í kerinu eru sett hrísgrjón og nemendur æfa sig í að finna hluti sem hafa aðra áferð en grjónin. Grunnskólinn vill þakka kvenfélaginu Vöku kærlega fyrir þessa gjöf, hún kemur sér svo sannarlega vel.



Frábær dansvika


Í síðustu viku var Jón Pétur danskennari með danskennslu. Þetta er árlegur viðburður þar sem nemendum skólans gefst kostur á að fara á dansnámskeið í eina viku sem lýkur síðan með einskonar uppskeruhátíð sem foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið á. En þetta er 22. árið sem Jón Pétur kemur til okkar. Nú sem áður var mikið fjör í íþróttahúsinu og krakkarnir stóðu sig afar vel. Þess má geta að dansinn er val hjá 8. – 10. bekk en meirihlutinn velur að taka þátt sem er mjög ánægjulegt.



Tannverndarvika

Í Tannverndarviku í febrúar eru stjórnendur leik-, grunn- og framhaldsskóla hvattir til að leggja áherslu á fræðslu og umfjöllun sem tengjast tönnum og tannheilsu. Fræðsluefni og myndbönd um tannhirðu má nálgast á landlaeknir.is og heilsuvera.is.

Í tilefni af tannverndarviku er nýtt mælaborð tannheilsu gert aðgengilegt á vef embættis landlæknis. Mælaborðið er gagnvirk en þar eru birtar tölulegar upplýsingar, sem varða tannheilsu íslenskra barna. Mælaborðið byggir á gögnum frá Sjúkratryggingum Íslands og ná þau aftur til ársins 2005. Stefnt er að árlegri uppfærslu mælaborðs tannheilsu.



Hvaða áhrif hefur neysla orkudrykkja á tennur?

Mikil og tíð neysla sætra og sykurlausra orkudrykkja getur skaðað tennur með því að leysa upp glerung þeirra. Tennurnar verða þá næmari fyrir hita og kulda. Munnvatnið verndar tennurnar en verndunarmáttur þess verður lítill ef „súr“ orkudrykkur ($\text{pH} < 5.5$) fær að „baða“ tennurnar með jöfnu millibili. Glerungseyðing er vaxandi vandamál hjá börnum og ungmennum á Íslandi.

Drykkir	Sýrustig (pH)
Gosdrykkir	2,3 til 3,0
<u>Orkudrykkir</u>	2,6 til 3,6
Íþróttadrykkir	2,7 til 3,1
Ávaxtasafar	2,0 til 4,0
Hluti vatnsdrykkja	3,0 til 4,0
Vatn úr krana	6,5 til 9

Annaskil

Fimmtudaginn 16. febrúar er viðtalsdagur í skólanum þar sem allir nemendur koma með foreldrum í viðtal til umsjónarkennarans. Aðrir kennarar verða einnig á staðnum svo nemendur og foreldrar geta einnig hitt þá óski þeir þess. Kennarar munu opna inn á mentor tímabantanir í vikunni 6. – 10. febrúar. Hefð hefur myndast fyrir því að þeir foreldrar sem þess óska geta mætt í viðtal fyrir 16. febrúar. Helgin verður sérstaklega löng því 17. og 20. febrúar er vetrarfrí í skólanum og frí bæði hjá nemendum og starfsmönnum og kennsla hefst aftur 21. febrúar þegar vorönn hefst.

Netsáttmáli

Við höldum áfram með Netsáttmálann frá SAFT

Kennum góðar netvenjur:

- Ýtum undir jákvæða notkun með því að hjálpa börnunum að finna efni, leiki, forrit sem hæfa aldri og þroska
- Ræðum við börnin um hvað þeim finnst skemmtilegt að gera í tækjunum. Með því kynnumst við notkun þeirra
- Gerum það að venju að spjalla við börnin okkar um netdaginn þeirra, þá eru börnin líklegri til að vilja segja okkur frá erfiðum og neikvæðum hlutum sem þau upplifa á netinu
- Hugum að notkunarreglum tækja og netsins á heimilinu
<https://www.saft.is/>

Munum máltækið góða: Það læra börnin sem fyrir þeim er haft.



Rysjótt veðurfar

Nú hefur veðurfarid okkar verið umhleypingasamt og veður válynd. Kuldakast og bleytutíð til skiptis, því er mikilvægt að nemendur komi klæddir eftir veðri og hafi með sér í töskunni fatnað til skiptanna ef þeir blotna. Þurrskáparnir hafa ekki við á blautustu dögnum.

